

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. janúar 2014 í máli nr. E-172/2013:

A

(Gísli Guðni Hall hrl.)

gegn

B

(Guðrún M. Árnadóttir hrl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. desember sl. er höfðað með stefnu útgefinni 20. desember 2012 af A, á hendur B.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 5.527.388 krónur ásamt skaðabótavöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. september 2011 til þingfestingardags, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þingfestingardeg til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati réttarins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, og að við ákvörðun málskostnaðar verði gætt að skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af þóknun lögmanns síns.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara krefst stefnandi þess að stefnukröfurnar verði stórkostlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

II.

Málsatvik

Stefnandi máls þessa lauk meistaraþrófi í vélvirkjun 17. september 1997 og var veitt leyfi til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari með sérsvið faggreinar í vélsmíði 8. ágúst 2001. Stefnandi var ráðinn hjá B vorið 2001 sem kennari í faggreinum málmíðna. Samkvæmt ráðningarsamningi stefnanda við stefnda var stéttarfélag hans Kennarasamband Íslands, samanber 1. gr. laga nr. 94/1986

Stefnandi var [--] á vinnustaðnum og einnig fulltrúi félagsmanna Kennarasambands Íslands í samstarfsnefnd Kennarasambands Íslands og B.

Þegar stefnandi var ráðinn að skólanum hafði ásókn í vélvirkjun verið nokkuð stöðug en með nýrri námskrá í vélvirkjun árið 2001, sem lengdi námið, minnkaði ásókn í námið og hafði stefndi ekki kennt það nám til enda eftir þá breytingu. Haustið 2008 höfðu af hagkvæmnisástæðum grunndeildir málmíðngreina og vélstjórnar verið sameinaðar í grunndeild málm- og véltæknigreina.

Stefndi er eini skólinn fyrir utan [--] (áður [--]) sem hefur heimild til að bjóða upp á fullnaðarnám í vélstjórn sem veitir alþjóðleg réttindi í samræmi við kröfur Alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978, sem samþykktar voru með ákvörðun Alþjóðasiglingamálastofnunar, skammstafað IMO, árið 1995, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 76/2001 og reglugerð nr. 416/2003 með síðari breytingum. Til þess að uppfylla þessar kröfur til þess að geta boðið upp á fullnaðarnám í vélstjórn var gæðakerfið ISO innleitt hjá stefnda árið 2007, en það var skilyrði fyrir því að skólinn gæti annast menntun og þjálfun til vélstjóraréttinda í samræmið við STCW alþjóðasamþykktina. [--] er kjarnaskóli vélstjórnar, sbr. 29. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og ber stefnda að fara eftir tilmælum og fyrirmælum kjarnaskólans.

Á kjarnaskólafundi 8. apríl 2011 voru kynntar nýjar og endurbættar kröfur frá IMO vegna vélstjóranáms og fram kom að aðeins þeir sem lokið hefðu fyllstu vélstjórnarréttindum og væru vélfræðingar uppfylltu lágmarkskröfur varðandi menntun fagkennara í vélstjórnargreinum.

Stefnanda var sagt upp störfum [--] með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Ástæða uppsagnarinnar var hagræðing í rekstri stefnda vegna niðurskurðar á fjárframlögum til skólans, til þess að mæta fækkun nemenda og laga kennslu og áfangaframboð að breyttum aðstæðum. Af þessum sökum var jafnframt þremur öðrum kennurum sagt upp. Rekstrarumhverfi stefnda hafði verið erfitt og þurft hafði að skera niður í rekstri bæði 2010 og 2011 og grípa til ýmissa sparnaðaraðgerða.

Stefnandi óskaði með bréfi, dags. 10. maí 2011, eftir skriflegum rökstuðningi skólameistara og með bréfi skólameistara til stefnanda, dags. 10. maí 2011, var uppsögnin rökstudd. Í rökstuðningi skólameistara kom fram að nauðsynlegt hafi verið að hagræða í rekstri á margvíslegan hátt, kennslumagn í ákveðnum greinum hefði minnkað umtalsvert og deildum fækkað. Þá hefði aðsókn nemenda minnkað. Þá var vísað til ISO 9001 gæðakerfis sem innleitt hefði verið til að uppfylla gæðakröfur Siglingastofnunar Íslands og Alþjóðasiglingamálastofnunar um að þeir skólar, sem menntuðu vélstjórnarmenn á skipum, væru gæðavottaðir. Í reglunum sé jafnframt gerð sú krafa að kennarar hafi tilskilda menntun og færni til að mega kenna vélstjórnargreinar. Þar sem stefnandi væri aðeins með 2. stig vélstjórnar stæði hann ekki undir framangreindum kröfum nema að takmörkuðu leyti. Þá væri eftirspurn eftir námi í vélvirkjun nánast engin og þeir, sem hafi viljað fá réttindi á því sviði, hafi gert það með því að ljúka 4. stigi vélstjórnar. Þá benti skólameistari á að undanfarnar annir hefði verið reynt með ýmsu móti að finna kennslu til að uppfylla stöðuhlutfall stefnanda og jafnvel verið settir á sérstakir námsáfangar í því skyni sem ekki hafi verið nauðsynlegir samkvæmt námskrá, en vegna sparnaðaraðgerða yrðu slíkir áfangar ekki í boði áfram. Þannig væri ljóst að skólinn hefði ekki næg verkefni fyrir stefnanda á næsta ári.

Í framhaldi af bréfi skólameistara óskaði formaður Félags framhaldsskólakennara eftir svörum við tilteknum spurningum, er vörðuðu rökstuðninginn, með tölvupósti 24. maí 2011 og því svaraði skólameistari með bréfi, dags. 7. júní 2011.

Þar sem stefnandi taldi uppsögnina ekki lögmæta, m.a. í ljósi trúnaðarmannaverndar sinnar, fól hann lögmanni sínum að mótmæla uppsögninni og skora á stefnda að draga hana til baka. Bréf lögmanns stefnanda var dagsett 24. júní 2011, en skólameistari hafnaði þeirri kröfu með tölvupósti 13. júlí 2011 þar sem fram kemur að stefndi telji málinu lokið af sinni hálfu.

Stefnandi gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Stefndi kvaðst hafa verið ráðinn tímabundið árið 2001 sem kennari við málmíðnaðarbraut hjá stefnda og kvaðst vera vélvirkjameistari að mennt og með 2. stigs vélstjórnarréttindi, reyndar hefði hann lokið skólanáminu en ekki unnið tilskilinn vinnutíma til að öðlast full 2. stigs vélstjórnarréttindi. Ástæðan hafi verið sú að hann skipti yfir í vélvirkjanám. Stefnandi rakti síðan hvaða kennslu hann hefði sinnt. Stefndi kvað því ekki hafa verið beint til sín að auka vélstjórnarréttindi sín. Þá kvað stefnandi enga árekstra hafa orðið á milli sín sem trúnaðarmanns og skólastjórnenda þó að meiningarmunar hafi stundum komið upp. Þá benti stefnandi á kennslugreinar sem hann taldi sig hafa getað kennt, en kennsla í þeim greinum hafi verið í höndum annarra. Stefnandi kvaðst hafa beðist undan því að kenna lífsleikniáfanga þar sem hann hafi verið farinn að finna fyrir kulnun í því starfi, en lífsleikni hafi ekki verið á hans sérsviði og óháð faggreinum.

Vitnið, [--], skólameistari stefnda, gaf skýrslu við aðalmeðferð. Vitnið kvað samskipti við stefnanda sem [--] hafa verið góð, stefnandi væri samviskusamur og ábendingum hans hafi verið vel tekið. Staða stefnanda sem [--] hafi ekki með neinum hætti valið uppsögn hans, en horft hafi verið til verndar stefnanda sem [--] áður en ákvörðun var tekin. Vitnið kvað rekstrarumhverfi stefnda hafa versnað mikið, stefndi hafi verið ofmannaður, harðar hagræðingarkröfur hafi verið gerðar af ráðuneytinu og þær orðið enn harðari eftir hrunið. Niðurskurður á fjárveitingum til

skólans hafi verið fyrirsjáanlegur, einnig hafi nemendum fækkað og óhjákvæmilegt hafi verið að segja upp starfsfólki. Af þessum sökum hafi fjórum starfsmönnum verið sagt upp og einn þeirra hafi verið stefnandi. Ómögulegt hafi verið að finna kennslu fyrir stefnanda, vélvirkjun hafði lagst af sem grein og verið innlimuð í vélstjórn. Til þess að uppfylla kröfur svo unnt væri að bjóða upp á fullnaðarnám í vélstjórn hafi gæðakerfið ISO 9001 verið innleitt hjá stefnda og þar væri skýlaus krafa um að kennarar sem sinntu kennslu þar hefðu full vélstjórnarréttindi. Þessa kennslu hefði því ekki verið hægt að fela stefnanda þar sem hann hafði ekki þau réttindi. Fyrirhuguð hafi verið úttekt á því hvernig staðið væri að kennslunni hjá stefnda og því hafi stefndi átt tvo kosti, að uppfylla skilyrði gæðakerfisins eða leggja af vélstjórnarnám [--].

Vitnið kvað hafa verið reynt til þrautar að finna verkefni fyrir þá kennara sem sagt var upp en það hafi ekki tekist. Einn kennara hafi haft sömu menntun og stefnandi, [--]. Gert hafi verið hæfnismat á þeim og [--] verið metinn stefnanda fremri. [--] hafi haft sambærilega menntun og stefnandi, en haft réttindi í tækniteiknum umfram stefnanda og mun lengri kennsluferil, Hann hafi auk þess verið deildarstjóri. Allir aðrir kennarar hjá stefnda í þessari kennslu hafi verið með full vélstjórnarréttindi og stefnandi hafi haft minnstan sveigjanleika til að kenna í báðum deildum eftir að þær höfðu verið sameinaðar. Á undanförunum önnum hafi verið fundin verkefni fyrir stefnanda við kennslu í valgreinum sem ekki voru á námskrá, til þess að uppfylla kennsluskyldu, en þær hafi orðið að sníða af þar sem ekki var fé til að reka þær.

Einnig gaf skýrslu við aðalmeðferð vitnið [--], [--]. Vitnið kvað að þær kennslugreinar sem mögulegt hefði verið að fela stefnanda hafi verið í höndum annarra kennara með meiri menntun en stefnandi. Þá kvað hann stefnanda ekki hafa haft réttindi til að kenna þá áfanga sem [--] hafi kennt, til þess hafi þurft 4. stig vélstjórnar.

Einnig gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins [--], [--] stefnda. Vitnið kvað stefnda hafa verið ofmannaðan. Dregið hafi úr námi á vissum sviðum, sumt nám hafi verið lagt niður og námskrá verið breytt. Á undanförunum önnum hafi verið erfitt að finna kennslu fyrir stefnanda. Stefnandi hafi færst undan því að kenna lífsleikni og grunnteiknun og vegna krafna um aðhald og sparnað hafi ekki verið um annað að ræða en segja stefnanda upp.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að uppsögn stefnanda hafi verið ólögæt þar sem hann hafi gegnt stöðu öryggistrúnaðarmanns og notið sem slíkur trúnaðarmannaverndar, sem kveðið er á um í 11. gr. laga nr. 38/2001 um stéttarfélög og vinnudeilur. Til viðbótar hafi stefnandi notið [--] samkvæmt ákvæðum laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 1. gr. samkomulags fjármálaráðherra og BHMR f.h. aðildarfélaga um [--], frá því í janúar 1989.

Í ofangreindum ákvæðum felist sú meginregla að [--] eigi ekki að segja upp störfum við fækkun starfsmanna nema vinnuveitandi sýni fram á ríkar ástæður til þeirrar ráðabreytni. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi brotið gegn þessari reglu með

uppsögninni. Rökstuðningur skólameistara fyrir uppsögninni í bréfum hans, dags. 10. maí 2011 og 7. júní sama ár, hafi verið ófullnægjandi.

Stefnandi byggir á því að uppsögn hans verði ekki réttlætt með aðhaldsaðgerðum, enda hefði stefnandi þá sem trúnaðarmaður átt að sitja fyrir um vinnuna. Að mati stefnanda hafi verið fráleitt að segja honum upp á þeim grundvelli, einkum og sér í lagi þegar litið er til þess að fyrir liggja að stefndi auglýsti um sama leyti eftir kennara við sömu deild. Sá aðili, sem ráðinn hafi verið sem leiðbeinandi haustið 2010, [--], hafi verið endurráðinn á grundvelli þessarar auglýsingar og þannig látinn ganga framar stefnanda um starf hjá stefnda.

Þá byggir stefnandi á því að með uppsögn hans og endurráðningu [--] hafi stefndi virt að vettugi ákvæði 19. gr. laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins sé óheimilt að ráða aðra en þá sem uppfylla ákvæði laganna til kennslu við framhaldsskóla, þ.e.a.s. þá sem hafa framhaldsskólakennararéttindi. Stefnandi uppfyllti þetta lagaskilyrði en þessi aðili ekki. Ekki sé því unnt að fallast á að brýnt tilefni hafi verið til að segja stefnanda upp.

Þá byggir stefnandi á því að ekki hafi verið réttmætt að segja stefnanda upp á þeim grundvelli að hann uppfyllti ekki kröfur IMO-reglna. Eins og áður segi, sé ákvæðið í reglunum sem stefndi hafi vísað til almennt orðað og ekki sé unnt að líta svo á að stefnandi hafi hætt að uppfylla menntunarkröfur til kennslustarfa sem hann hafði sinnt. Stefnandi bendir á að áður en honum barst uppsagnarbréfið hafði aldrei komið til tals að hann uppfyllti ekki menntunar- eða réttindakröfur og IMO-reglur hafði aldrei borið á góma í samskiptum við stefnanda. Aftur á móti hafi sá aðili, sem ráðinn var í framhaldi af framangreindri auglýsingu, ekki uppfyllt lögbundnar menntunarkröfur þar sem hann hafi ekki haft réttindi sem framhaldsskólakennari.

Hvað það varðar, að menntunarkröfum hafi verið breytt með tilteknum hætti, þá byggir stefnandi á því að slíkar breytingar hafi ekki haggað kennsluréttindum, sem stefnandi hafði áunnið sér. Hefð sé fyrir því hér á landi, m.a. við lagasetningu, að breyttar menntunarkröfur leiði ekki til þess að starfsmaður, sem uppfyllt hafi gerðar kröfur til starfsins, verði fyrir réttinda- eða starfsmissi. Þá hafi borið að veita stefnanda raunhæft tækifæri til að aðlagast breyttum menntunarkröfum innan hæfilegs tíma, en stefndi hafi ekki kannað þann möguleika.

Stefnandi mótmælir því að undanfarnar annir hafi verið reynt með ýmsu móti að finna kennslu til þess að uppfylla stöðuhlutfall hans eins og haldið sé fram í bréfi skólameistara. Stefnandi hafi uppfyllt kennsluskyldu sína miðað við fullt starf og rúmlega það. Þá bendir stefnandi á að auk áfanga sem stefnandi kenndi hafi verið fjölmargir aðrir áfangar á umræddum fagsviðum sem voru kenndir, sem stefnandi var fullfær um að kenna ef svo bæri undir.

Þá mótmælir stefnandi því sem fram kemur í bréfi skólameistara þess efnis að stefnandi hafi beðist undan tilteknum verkefnum sem ómaklegum og það réttlæti á engan hátt uppsögn.

Af sömu ástæðum byggir stefnandi á því að stefndi hafi brotið gegn réttmætisreglu stjórnisýsluréttar með því að segja stefnanda upp störfum án málefnalegrar ástæðu, án þess að hæfnismat hafi verið gert og án tillits til trúnaðarmannaverndar. Einn

kennara hafi haft sömu menntun og stefnandi, [--]. Gert hafi verið hæfnismat á þeim og [--] verið metinn stefnanda fremri. [--] hafi haft sambærilega menntun og stefnandi, en haft réttindi í tækniteiknum umfram stefnanda og mun lengri kennsluferil. Auk þess hafi hann verið deildarstjóri. Allir aðrir kennarar hjá stefnda í þessari kennslu hafi verið með full vélstjórnarréttindi og stefnandi hafi haft minnstan sveigjanleika til að kenna í báðum deildum eftir að þær höfðu verið sameinaðar. Á undanförunum önnum hafi verið fundin verkefni fyrir stefnanda við kennslu í valgreinum sem ekki voru á námskrá til þess að uppfylla kennsluskyldu, en þær hafi orðið að sníða af þar sem ekki var til fé til að reka þær.

Stefnandi byggir jafnframt á því að stefndi hafi brotið gegn meðalhófsreglu stjórnisýsluréttar, sbr. 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, þar sem uppsögn hafi ekki verið nauðsynleg eins og á stóð.

Stefnandi reisir kröfur sínar um skaðabætur á almennu skaðabótareglunni, en samkvæmt henni eigi stefnandi rétt á að fá tjón sitt bætt sem sé afleiðing af ólögmati starfsuppsögn og vísar hann til dómvenju í málum vegna ólögmatra starfsuppsagna.

Stefnandi krefst skaðabóta að fjárhæð 5.027.388 kr. vegna fjártjóns og miskabóta að fjárhæð 500.000 kr. Fjárhæð kröfu um bætur vegna fjártjóns samsvari föstum launum, þ.m.t. fastri yfirvinnu, sem stefnandi hefði haft í starfi hjá stefnda á 12 mánaða tímabili að meðtöldu 11,5% mótframlagi vinnuveitanda í ríkissjóð, 375.739 kr. x 12 x 1,115%. Mánaðarlaun séu meðaltal fastra launa stefnanda, þ.m.t. fastri yfirvinnu, á fyrstu sex mánuðum ársins 2011. Stefnandi hafi að loknum uppsagnarfresti unnið í tímavinnu hjá einkahlutafélaginu [--] og laun stefnanda í því starfi hafi verið umtalsvert lakari en í starfinu hjá stefnda. Þannig hafi meðaldagvinnulaun fyrstu sex mánuði ársins 2012 verið kr. 273.199 kr. Að því er varði launaseðla frá [--] tekur stefnandi fram að þar sé um að ræða aukastörf sem ekki beri að taka tillit til við launasamanburð.

Stefnandi byggir á því að við mat á fjártjóni beri að líta til aldurs stefnanda, kyns, menntunar, starfsreynslu og aðstæðna að öðru leyti, en atvinnuhorfur fyrir framhaldsskólakennara á aldur við stefnanda séu ekki góðar. Vegna efnahagshrunsins og ástands í ríkisfjármálum megi vænta þess að á næstu árum haldi framhaldsskólar að sér höndum hvað varðar nýráðningar, auk þess sem uppsögnin sé beinlínis til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á starfsmöguleika hans. Þá beri að líta til þess við ákvörðun bóta að stefnandi naut sérstakra réttinda sem ríkisstarfsmaður og sem sjóðfélagi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Hann hafi mátt að öðru jöfnu treysta því að halda starfinu og bæta við lífeyrisréttindi sín, en þetta síðastnefnda atriði hefði verið honum verðmætt til lengri tíma litið.

Stefnandi byggir kröfu sína um miskabætur á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnanda hafi verið sagt upp fyrirvaralaust á grundvelli uppsagnarástæðu sem ekki standist grundvallarreglur laga. Stefnandi byggir á því að þessi atriði hafi falið í sér ólögmeta meingerð gegn honum og valdið miklum miska. Fjárhæð miskabótakröfu, 500.000 kr., sé sett fram að álitum.

Kröfu um skaðabótavexti og dráttarvexti gerir stefnandi með vísan til 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Málskostnaðarkrafa er gerð með vísan til 130. gr. laga nr. 91/1991 og gerð er krafa um virðisaukaskatt af málflytningisþóknun þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda og vísar kröfum á þeim reistum eindregið á bug. Ástæða uppsagnar stefnanda hafi verið sú sama og ástæða uppsagnar þriggja annarra kennara, að nauðsynlegt hafi verið að hagræða í rekstri og hafi uppsögnin ekki með nokkrum hætti tengst starfi hans sem trúnaðarmanns.

Rekstrarumhverfi framhaldsskóla hafi verið erfitt síðustu ár og stefndi hafi þurft að skera niður um 9% í rekstri árin 2010 og 2011 eða samtals un nær 100 milljónir króna. Gert hafi verið ráð fyrir að á árinu 2012 myndu stjórnvöld fara fram á 3-5% hagræðingu til viðbótar. Hagrætt hafi verið í rekstri skólans á margvíslegan hátt, t.d. með því að fækka hópum í stórum námsgreinum og fjölga nemendum í þeim hópum sem eftir hafi staðið. Þetta hafði bæði orðið til þess að fækka kenndum stundum og að álag á kennara hafi aukist. Vegna þessa hafi kennslumagn í ákveðnum greinum minnkað umtalsvert. Nemendum í einstökum deildum hafði jafnframt fækkað. Stjórnendur hafi því ekki séð fram á að næg kennsla væri fyrir viðkomandi kennara. Rekstrarfé skólans hafi dregist verulega saman á nokkrum árum og við því hafi orðið að bregðast á ýmsan hátt í almennum rekstri. Að lokum hafi þurft að grípa til þess ráðs að segja upp fjórum kennurum.

Stefndi vísar til þess að samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins beri forstöðumaður ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ef útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum, geti ráðherra veitt forstöðumanni áminningu skv. 21. gr. eða veitt honum lausn frá embætti skv. VI. kafla ef hann hefur gerst sekur um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi með þeim hætti sem að framan er lýst. Í 49. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, segi að forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila beri ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir. Brot á ákvæðum laganna varði skyldur opinberra starfsmanna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafi forstöðumaður stofnunar rétt til að segja starfsmanni upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi og samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laganna sé ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar ef hún stafar af því að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar. Það hafi því verið mat stefnda í apríl 2011 að segja þyrfti upp fjórum kennurum, þ.á.m. stefnanda, vegna hagræðingar í rekstri.

Stefndi byggir á því að stéttarfélag stefnanda sé Kennarasamband Íslands samkvæmt ráðningarsamningi hans við stefnda. Í 1. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna segir að lögin gildi um alla starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum sem skv. 4. og 5. gr. laganna hafi rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt þeim og eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum,

enda verði starf þeirra talið aðalstarf. Kennarasamband Íslands falli undir 3. tl. 5. gr. laganna. Stefnandi falli því undir 1. gr. laganna og eigi lög nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur því ekki við um hann.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna skuli trúnaðarmaður í engu gjalda þess í starfi eða á annan hátt að hann hafi valist til þessa trúnaðarstarfs. Í 4. mgr. sömu greinar segi að sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna sem ráðnir eru með uppsagnarfresti skuli hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda starfinu.

Stefnandi hafi verið ráðinn hjá stefnanda vorið 2001 sem kennari í faggreinum málmíðna, en á þeim tíma hafði ásókn í vélvirkjun verið nokkuð stöðug. Með nýrri námskrá í vélvirkjun árið 2001, sem lengdi námið, virtist áhugi nemenda á því námi hins vegar hverfa og hafði skólinn ekki kennt það nám til enda eftir þá breytingu. Haustið 2008 hafi því af hagkvæmnisástæðum grunndeildir málmíðngreina og vélstjórnar verið sameinaðar í grunndeild málm- og véltæknigreina. Miklar breytingar hafi því orðið frá því stefnandi hóf störf hjá stefnda.

Undanfarin ár hafði verið lögð áhersla á að kennarar, sem ráðnir hafi verið inn á málmsmíðabraut, væru ekki aðeins menntaðir í málmíðngreinum heldur væru líka 4. stigs vélstjórar. Tilgangurinn með því hafi verið að tryggja að kennarar þar gætu einnig kennt vélstjórnargreinar. Þá hafði sýnt sig, t.d. á vorönn 2011, að kennslumagn á málmsmíðabraut hafi tæpast verið nægilegt til að fylla allar stöður kennara þar.

Eftir að ný námskrá í vélvirkjun var tekin upp árið 2001, virtist áhugi nemenda á námsbrautinni hverfa sem áður segir. Þannig hafi nánast engin eftirspurn verið eftir námi í vélvirkjun er stefnanda var sagt upp. Stefnandi hafi kennt áfangana VST (vélstjórn) og VIR (vélvirkjun) á vélstjórnarbraut stefnda og áfanga á almennri braut og starfsbraut sem hann var fenginn til að kenna þar sem ekki hafði verið nægilegt framboð áfanga á hans sviði.

Gæðakerfið ISO 9001 hafi verið innleitt fyrir nokkrum árum til að uppfylla kröfur Siglingastofnunar Íslands og þar með Alþjóða siglingamálastofnunar um að þeir skólar sem menntuðu vélstjórnarmenn á skipum væru gæðavottaðir þar sem vélstjórnarnámið veiti alþjóðleg réttindi í samræmi við IMO-reglur (International Maritime Organization). Beri viðkomandi skólum að gera kröfu um vélfræðingsréttindi auk reynslu og helst viðbótarmenntunar á sviði verk- eða tæknifræði. Vélfræðingsréttindi, þ.e. 4. eða D-stig vélstjórnar, séu því lágmarksskilyrði til að kennari sé hæfur til að kenna vélstjórnargreinar. Stjórnendur stefnda telji það grundvallaratriði að tryggt sé að það nám sem nemendum í vélstjórn sé boðið upp á uppfylli framangreindar kröfur, enda sé skólanum treyst til að gefa út brautskráningarskírteini sem veitir alþjóðleg réttindi. Stefnandi sé hins vegar aðeins með 2. stig vélstjórnar og standi því ekki faglega undir framangreindum kröfum. Vegna þessa hafi ekki lengur verið hægt að fela honum kennslu á áfanganum VST og áfanginn VIR vélvirkjun hafi breyst í áfangann viðhald véla og sé kenndur í samstarfi við [--] af sérfræðingum með sérþekkingu á vélum og búnaði skipa. Þá hafi nánast engin eftirspurn verið eftir sérstöku námi í vélvirkjun og reynslan sú að þeir nemendur sem höfðu áhuga á að öðlast réttindi á því sviði hafi gert það með því að ljúka 4. (D) stigi vélstjórnar. Þá hafi með ýmsu móti verið reynt að finna kennslu á almennri braut og starfsbraut til að uppfylla

starfshlutfall stefnanda og jafnvel settir á sérstakir námsáfangar sem ekki voru nauðsynlegir samkvæmt námskrá. Vegna margvíslegrar hagræðingar í rekstri skólans og sparnaðaraðgerða hafi slíkir áfangar ekki verið í boði áfram. Stefnandi hafi verið umsjónarkennari nýnemahóps NSK á almennri braut um skeið og annast lífsleiknikennslu í tengslum við það starf sitt. Stefnandi hafði beðist undan lífsleiknikennslu og svigrúm var minnkað til kennslu í NSK áföngum. Faggrein stefnanda sé vélvirkjun en sú grein sé ekki kennd lengur við stefnda nema að því leyti sem hún er innifalin í fullnaðarnámi til vélstjórnar. Starf stefnanda sé því ekki lengur til við stofnunina og enginn hafi verið ráðinn í hans stað.

Stefndi mótmælir því sem stefnandi heldur fram að auk áfanga sem hann hafi kennt hafi fjölmargir aðrir áfangar verið kenndir sem hann hefði verið fullfær um að kenna ef svo bæri undir án þess þó að einn einasti sé tiltekinn.

Þegar stefnanda hafi verið sagt upp hafi enginn með sambærilega menntun verið í sambærilegri stöðu hjá stefnda. [--], brautarstjóri málmsmíðabrautar, hafði sömu menntun og stefnandi, en auk þess hafi hann haft próf í tækniteiknun. [--] hafði kennt við skólann frá upphafi og jafnframt veitt málmsmíðabrautinni forstöðu. Áður hafi hann starfað við [--] um árabíl. Þegar valið stóð á milli þeirra tveggja hafi löng starfsreynsla [--] og menntun hans á sviði tækniteiknunar ráðið því að stefnanda var sagt upp en ekki honum. [--] hafi síðan síðan látið af störfum vegna aldurs vorið 2012 og hafi enginn verið ráðinn í hans stað.

Samkvæmt framangreindu hafi stefnanda ekki verið sagt upp störfum vegna starfa sinna sem [--] og hafi stefnandi á engan hátt verið látinn gjalda trúnaðarmannastarfa sinna. Uppsögn stefnanda hafi því verið byggð á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum. Áður en ákveðið var hverjum ætti að segja upp, hafi verið farið vel yfir menntun og fyrri störf allra kennara sem kenna málm- og véltæknigreinar. Varðandi áðurnefndan [--] var það mat stefnda, eins og að framan greinir, að löng starfsreynsla og menntun [--] á sviði tækniteiknunar réði því að stefnanda var sagt upp störfum en ekki honum.

Staðhæfingum stefnanda um að á sama tíma og honum hafi verið sagt upp hafi verið auglýst og endurráðið í laust kennarastarf á fagsviði stefnanda er eindregið vísað á bug. Sú staða sé á sviði vélstjórnar þar sem krafist er 4. stigs vélstjórnar. Stefnandi sótti ekki um starfið enda uppfylli hann ekki þær menntunarkröfur sem gerðar voru en krafist er fullnaðarréttinda í faginu (vélfraeðingur). Annar kennari, [--], hafði áður gegnt því starfi og á sama tíma og stefnandi var enn við störf hjá stefnda. [--] hafi verið ráðinn í kjölfar auglýsingar [--] 2011 sem leiðbeinandi í stöðu vélfraeðings við kennslu á vélstjórnarbraut en enginn vélfraeðingur með kennsluréttindi sótti um starfið og fékk stefndi því heimild til þess frá undanþágunefnd framhaldsskóla, sbr. 19. gr. laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Stefndi byggir því að það fái ekki staðist að starfið hafi verið á fagsviði stefnanda og [--] hafi verið látinn ganga framar stefnanda um það starf hjá stefnda.

Stefndi byggir á því að samkvæmt öllu framangreindu hafi ríkar ástæður verið fyrir uppsögn stefnanda og stefndi hafi því ekki brotið gegn 30. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stefnda hafi því verið heimilt að segja stefnanda upp störfum þó að hann hafi verið trúnaðarmaður.

Stefnandi byggir einnig á því að með uppsögn hans og endurráðningu [--] hafi stefndi virt að vettugi ákvæði 19. gr. laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins sé óheimilt að ráða aðra en þá sem uppfylla ákvæði laganna til kennslu við framhaldsskóla, þ.e.a.s. þá sem hafa framhaldsskólakennararéttindi. Stefnandi hafi uppfyllt þetta skilyrði en ekki [--] og því sé ekki unnt að fallast á að brýnt tilefni hafi verið fyrir uppsögninni. Þessu er eindregið vísað á bug af stefnda. Í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 87/2008 segi að óheimilt sé að ráða aðra en þá sem uppfylla ákvæði laganna til kennslu við framhaldsskóla. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar segir að sækji enginn um starfið sem fullnægi ákvæðum laganna þrátt fyrir endurtekna auglýsingu geti skólameistari sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs.

Eins og áður hafi komið fram hafi [--] verið ráðinn í kjölfar auglýsingar sem leiðbeinandi í stöðu vélfræðings við kennslu á vélstjórnarbraut þar sem enginn vélfræðingur með kennsluréttindi sótti um starfið og fékk stefndi því heimild til þess frá undanþágunefnd framhaldsskóla. Stefnandi sótt ekki um þetta starf enda hafi hann ekki uppfyllt þær menntunarkröfur sem gerðar voru. Krafist var fullnaðarréttinda í faginu vélfræðingur. Stefnandi er vélvirki og hann hafði ekki menntun til að gegna þessu starfi.

Samkvæmt framangreindu hafi stefndi ekki brotið gegn 19. gr. laga nr. 87/2008. Stefnda hafi því verið heimilt að ráða [--] til starfa enda enginn með kennsluréttindi sótt um starfið og fengin hafi verið heimild undanþágunefndar framhaldsskóla til að lausráða [--].

Stefndi mótmælir því sem stefnandi byggir á að ekki hafi verið réttmætt að segja stefnanda upp á þeim grundvelli að hann uppfyllti ekki kröfur IMO-reglna. Ákvæðið í reglunum sé almennt orðað og ekki hafi verið unnt að líta svo á að stefnandi hafi hætt að uppfylla menntunarkröfur til kennslustarfa sem hann hafði sinnt. Stefnandi byggir einnig á því að stefndi hafi brotið gegn réttmætisreglu stjórnarsýsluréttar með því að segja stefnanda upp störfum án málefnalegrar ástæðu, án þess að hæfnismat hafi verið gert og án tillits til trúnaðarmannaverndar. Enn fremur byggir stefnandi á því að stefndi hafi brotið gegn meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttarins, sbr. 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 þar sem uppsögnin hafi ekki verið nauðsynleg eins og á stóð. Stefndi vísar þessum sjónarmiðum stefnanda eindregið á bug.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 92/2009 um framhaldsskóla hafi kjarnaskólar sérstöku hlutverki að gegna. Í 2. mál. 1. mgr. 29. gr. segi að kjarnaskólar skuli hafa forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir og aðstoða aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði. Þá sé það krafa af hálfu kjarnaskólans að allir sem koma að faggreinakennslu í vélstjórn hafi hið minnsta fullnaðarréttindi í faginu vélfræðingur og helst frekari menntun. Þar sem stefndi kenni vélstjórn undir leiðsögn og forystu Véltekniskóla Tækniskólans sem er kjarnaskóli greinarinnar beri stefnda að fara að tilmælum og fyrirmælum kjarnaskólans.

Samkvæmt réttmætisreglu stjórnásluréttarins verði stjórnvöld ávallt að byggja matskenndar ákvarðanir á málefnalegum sjónarmiðum. Með vísan til alls þess sem að framan greinir sé ljóst að stefndi byggði ákvörðun sína um að segja stefnanda upp störfum á málefnalegum sjónarmiðum og braut því ekki gegn réttmætisreglu stjórnásluréttarins með uppsögninni. Um röksemdir fyrir því að stefndi hafi ekki með uppsögninni brotið gegn ákvæðum um trúnaðarmannavernd vísar stefndi í það sem að framan hefur verið rakið.

Stefndi vísar til þess að samkvæmt 12. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 skuli stjórnvald því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verði ekki náð með öðru og vægara móti. Skuli þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn beri til. Eins og áður hafi komið fram hafði stefnandi aflað sér 2. stigs vélstjórnarréttinda. Stefnandi hafi því ekki staðið faglega undir áðurnefndum kröfum til að kenna vélstjórnargreinar. Þess vegna hafi ekki lengur verið unnt að fela honum kennslu í faggreinum vélstjórnar. Undanfarnar annir hafi verið reynt með ýmsu móti að finna kennslu til að uppfylla stöðuhlutfall stefnanda. Jafnvel hafi verið settir á sérstakir námsáfangar sem ekki voru nauðsynlegir samkvæmt námskrá. Vegna margvíslegrar hagræðingar í rekstri skólans voru slíkir áfangar ekki í boði áfram. Stefnandi hafi verið umsjónarkennari nýnemahóps um skeið og annast lífsleiknikennslu í tengslum við það starf sitt en hann hafði síðustu annir sem hann kenndi við skólann beðist undan því. Ekki var starf fyrir stefnanda eða annan með sambærilega menntun hjá stefnda. Stefnandi hafi lýst áhuga á því við stefnda að læra pípulagnir en hafi horfið frá því. Stefnandi hafi aldrei sýnt áhuga á því að halda áfram námi í vélstjórn og ekki sé unnt með hæfnismati að öðlast aukin réttindi í vélstjórn. Það hefði tekið stefnanda þrjú til fjögur ár í fullu námi í skóla auk þess sem til þarf sjótíma til að öðlast fullnaðarréttindi í vélstjórn.

Samkvæmt framangreindu sé því ljóst að stefndi reyndi hvað hann gat til að komast hjá uppsögn stefnanda en eins og áður hefur komið fram var slíkt ekki mögulegt lengur. Því sé ljóst að stefndi braut ekki gegn meðalhófsreglu stjórnáslulaga.

Stefndi byggir síðan á því að með vísan til þess sem að framan greinir sé engum þeim atvikum vegna uppsagnar stefnanda til að dreifa er stofnað gæti að lögum til bótaskyldu stefnda gagnvart stefnanda og beri að sýkna af öllum kröfum stefnanda.

Þá mótmælir stefndi kröfum stefnanda um bætur vegna ætlaðs fjártjóns og miska. Ekki verði séð að neinu fjártjóni geti í reynd verið til að dreifa. Stefnandi byggir kröfu sína vegna fjártjóns að fjárhæð 5.027.388 kr. á ætluðum meðaltalsmánaðarlaunum í 12 mánuði frá 1. september 2011 að viðbættu 11,5% framlagi í lífeyrissjóð en án nokkurs frádráttar vegna launagreiðslna sem stefnandi naut á því tímabili og sem eiga að koma til frádráttar bótaskyldu. Stefnandi gefi sér þær forsendur miðað við heildarlaunagreiðslur fyrstu sex mánuði ársins 2011 að meðaltalsmánaðarlaun nemi 375.739 kr. á mánuði. Innifalið í þeim greiðslum séu föst mánaðarlaun, yfirvinna, sérstök 50.000 króna eingreiðsla skv. kjarasamningi og orlofsuppbót. Þá fái ekki staðist þær forsendur sem stefnandi gefi sér um yfirvinnu hefði hann áfram verið við störf hjá stefnda í ljósi þess sem að framan sé rakið um skort á kennslumagni til að uppfylla kennsluskyldu stefnanda. Þá fái ekki staðist að reikna inn í meðaltalslaun sérstaka eingreiðslu og orlofsuppbót. Þegar stefnandi hafi látið af störfum hafi mánaðarlaun hans verið 335.374 krónur eða sem samsvarar í 12 mánuði 4.024.488 kr. Fyrir liggir að laun stefnanda í starfi hans hjá

[--] ehf. hafi numið alls 4.144.210 kr. og greiðslur frá [--] 47.411 kr. eða hærri fjárhæð samtals en sem nemi hugsanlegu launatapi hjá stefnda. Þá komi skýrt fram af launaseðlum frá [--] ehf. og [--] að við laun bætist framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð. Þannig sé með öllu ósannað að nokkru fjártjóni geti hafa verið til að dreifa tengdu uppsögn stefnanda og því beri að sýkna af kröfu stefnanda vegna fjártjóns.

Til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda vegna fjártjóns verði stórkostlega lækkaðar með hliðsjón af því sem rakið hafi verið. Þá sé viðmiðunartímabili mótmælt sem of löngu og staðhæfingu stefnanda um að uppsögnin hafi verið til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á starfsmöguleika hans. Sú fullyrðing sé órökstudd og í ósamræmi við ástæður fyrir uppsögn hans vegna hagræðingar í rekstri og ráðningar stefnanda hjá [--] ehf. frá 1. september 2011.

Varðandi kröfu stefnanda um miskabætur að fjárhæð 500.000 kr. byggji hann á því að þau atriði sem fram koma í atvikalýsingu í stefnu hafi falið í sér ólögmæta meingerð gegn honum og valdið honum miklum miska. Þessari kröfu stefnanda um miskabætur sé eindregið vísað á bug. Stefndi hafi ekki sýnt fram á að í ákvörðun stefnda hafi falist ólögmæt meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu stefnanda í skilningi 26. gr. laga nr. 50/1993. Ákvörðun stefnda hafi verið byggð á málefnalegum og lögmætum sjónarmiðum um hagræðingu í rekstri.

Til vara mótmælir stefndi miskabótakröfu sem of hárrí og krefst lækkunar hennar.

Kröfu stefnanda um skaðabótavexti skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. september 2011 til þingfestingardags er mótmælt þar sem með stefnu í máli þessu hafi stefndi fyrst sett fram bótakröfur sínar.

IV.

Niðurstaða

Stefndi starfaði við kennslu sem framhaldsskólakennari við stefnda, sem er ríkisstofnun. Stéttarfélag stefnanda er Kennarasamband Íslands sem fellur undir 3. t.l. 5. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stefndi var sagt upp störfum með bréfi skólameistara, dagsettu 28. apríl 2011 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Um réttindi og skyldur starfsmanna stefnda fer eftir lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stefndi reisir kröfur sínar á því að honum hafi á ólögmætan hátt verið sagt upp starfi sem framhaldsskólakennari við stefnda. Uppsögnin verði ekki réttlætt með aðhaldsaðgerðum enda hafi stefndi sem [--] átt að sitja fyrir um vinnu við fækkun starfsmanna. Þá hafi verið fráleitt að segja upp stefnda, sem hafi réttindi sem framhaldsskólakennari, þegar fyrir liggja að stefndi auglýsti um sama leyti eftir kennara við sömu deild og hafi þá endurráðið leiðbeinanda sem ekki hafði slík réttindi. Þannig hafi stefndi virt að vettugi ákvæði 19. gr. laga nr. 87/2008. Þá verði ekki litið svo á að stefndi hafi hætt að uppfylla menntunarkröfur til kennslustarfa sem hann hafi sinnt. Stefndi hafi brotið gegn réttmætisreglu stjórnsýsluréttar með

uppsögn sinni án málefnalegrar ástæðu, án þess að hæfnismat hafi verið gert og einnig hafi verið brotið gegn meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Með þessu hafi stefndi bakað sér tjón, sem stefndi beri ábyrgð á og valdið sér miska.

Stefnanda var sagt upp starfi með þeim fyrirvara sem mælt er fyrir um í ráðningarsamningi hans. Í rökstuðningi skólameistara fyrir uppsögninni í bréfum dags. 10. maí 2011 og 7. júní 2011 kemur fram að uppsögnin hafi verið liður í endurskipulagningu vegna krafna ríkisvaldsins um hagræðingu í rekstri stefnda, til að mæta skertum fjárframlögum og fækkun nemenda og til að laga kennslu og áfangaframboð að breyttum aðstæðum. Þá hafi gæðakerfið ISO 9001 verið innleitt hjá stefnda til þess að uppfylla kröfur alþjóðasamþykktar sem samþykkt var með ákvörðun Alþjóða siglingamálastofnunar, sbr. lög nr. 76/2001 og reglugerð 416/2003 með áorðnum breytingum. Skv. 3. gr. reglugerðarinnar skuli nám í sjómannaskólum fullnægja ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar að því er varðar námsefni, hæfi kennara og fleira. Til þess að uppfylla þessar kröfur í því skyni að geta boðið upp á fullnaðarnám í vélstjórn hafi gæðakerfið ISO 9001 verið innleitt hjá stefnda 2007. Þetta hafi verið nauðsynlegt til að stefndi gæti gefið út brautskráningarskírteini sem veiti alþjóðleg réttindi í vélstjórn. Stefnandi uppfyllti ekki þær menntunarkröfur sem gerðar voru samkvæmt gæðakerfinu eins og rakið er hér að framan og á undanförunum önnun hafi verið erfitt að finna kennslu fyrir stefnanda og jafnvel teknar upp námsgreinar sem ekki voru á námskrá til þess að skapa honum verkefni svo að uppfylla mætti kennsluskyldu hans. Áður en ákveðið var hverjum ætti að segja upp, hafi verið farið vel yfir menntun og fyrri störf allra kennara sem kenna málm- og véltæknigreinar. Einn kennara hafi haft sömu menntun og stefnandi, [--]. Gert hafi verið hæfnismat á þeim. [--] hafi verið metinn stefnanda fremri. [--] hafi haft sambærilega menntun og stefnandi, en haft réttindi í tækniteiknum umfram stefnanda, mun lengri kennsluferil og verið deildarstjóri. Allir aðrir kennarar hjá stefnda í þessari kennslu hafi verið með full vélstjórnarréttindi og stefnandi hafi haft minnstan sveigjanleika til að kenna í báðum deildum eftir að þær höfðu verið sameinaðar. Stefnandi byggir jafnframt á því að stefndi hafi brotið gegn meðalhófsreglu.

Telja verður að ákvörðun stefnda um að segja stefnanda upp hafi ráðist af þeim atriðum sem rakin eru í rökstuðningi í bréfum skólameistara og fram koma í vitnisburði þeirra [--] og [--]. Varðandi þá málsástæðu að stefndi hafi virt að vettugi ákvæði 19. gr. laga nr. 87/2008 með ráðningu kennara í stöðu sem auglýst var um sama leyti og stefnanda var sagt upp liggur fyrir að stefnandi uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar voru til þeirra kennslu sem auglýsingin tók til. Staðan hafði ítrekað verið auglýst og enginn sótt um hana. Stefnandi hafi fengið undanþágu skv. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 87/2007 til ráðningar viðkomandi kennara. Þá sótti stefnandi ekki um stöðuna.

Þá byggir stefnandi á því að óheimilt hafi verið að segja sér upp þar sem hann hafi sem trúnaðarmaður átt að sitja fyrir um vinnu við fækkun starfsmanna. Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996 um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal trúnaðarmaður í engu gjalda þess að hafa valist til þessa trúnaðarstarfs. Þá segir í 4. mgr. sömu greinar að sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna sem ráðnir eru með uppsagnarfresti skuli hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda starfinu. Samsvarandi ákvæði er í 11. gr. laga nr. 80/1980 um stéttarfélög og vinnudeilur. Reglur þær sem gilda um trúnaðarmenn eru settar til að tryggja að trúnaðarmaður geti sinnt trúnaðarmannaskyldum sínum án þess að eiga það á hættu að vera sagt

upp vegna þeirra. Óumdeilt er í máli þessu að uppsögn stefnanda tengdist ekki með neinum hætti starfi hans sem trúnaðarmanns. Samkvæmt dómaframkvæmd hefur verið litið svo á að trúnaðarmanni eigi ekki að segja upp við fækkun starfsmanna nema vinnuveitandi sýni fram á ríkar ástæður fyrir þeirri ákvörðun.

Telja verður að ríkar ástæður hafi legið að baki þeirrar ákvörðunar stefnda um að segja stefnanda upp störfum og hafi ákvörðunin verið byggð á málefnalegum sjónarmiðum sem rakin hafa verið. Braut stefndi því ekki gegn réttmætisreglu stjórnsluréttarins með uppsögninni. Þá verður ekki fallist á það með stefnanda að ekki hafi verið gætt meðalhófs við meðferð málsins, en eins og fram hefur komið hér að framan hafði stefndi gripið til ýmissa sparnaðaraðgerða áður en til uppsagnar stefnanda kom. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Vegna embættisanna dómara hefur uppkvaðning dóms dregist. Aðilar og dómari telja hins vegar ekki þörf á endurflytja málið.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Þórður Clausen Þórðarson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, B, skal vera sýkn af kröfum stefnanda A. Hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

.

Þórður Clausen Þórðarson